

Langa:	Ísl. kr. á lb. Cif.
8×7 r/l .....	142.88
10×5 .....	189.89
Blokk .....	178.71
<b>Grálúða:</b>	
6×10 .....	200.98
4×12 r/l og b/l .....	179.76
<b>Heilfryst:</b>	
Með haus .....	65.85
2 kg./undir h/l .....	81.65
2 kg./yfir h/l .....	125.79
Blokk U.S.S.R. ....	142.88
Heilfrystur fiskur .....	65.85

Verðbil verður 4% miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegssráðuneytið, 26. október 1977.*

F. h. r.  
Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## G J A L D S K R Á

### Hitaveitu Blönduóss.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveita Blönduóss selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Blönduósi eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð um hitaveitu og hitalagnir á Blönduósi.

##### 2. gr.

Hitaveita Blönduóss lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

##### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að

jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

## II. KAFLI

### 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 2000 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald 2400 kr. á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

### 5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sér skammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslislutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A. ....	1,00/1,0
B. ....	0,95/1,3
C. ....	0,90/1,7
D. ....	0,85/2,8

Vatnsskammtur notanda (gjaldsskammtur) er í þessu tilvikum reiknaður 1.0.

### 6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Blönduóshrepps. Gjald dagi er við franvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

### 7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðagjald:
Allt að 300 m <sup>3</sup>	185 000 kr.
300 — 2000 m <sup>3</sup>	185 000 fyrir 300 m <sup>3</sup> og 170 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2000 — 6000 m <sup>3</sup>	474 000 fyrir 2000 m <sup>3</sup> og 135 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
6000 — 10000 m <sup>3</sup>	1 014 000 fyrir 6000 m <sup>3</sup> og 110 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
meira en 10000 m <sup>3</sup>	1 454 000 fyrir 10000 m <sup>3</sup> og 95 kr/m <sup>3</sup> þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðreinnslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 20 000.

### 8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 152 stig. Er hitaveitunni heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

## IV. KAFLI

### 9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyrurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 2000 í hvert skipti.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af hreppsnefnd Blönduóss er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. október 1977.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Blönduóss.

## 1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir á Blönduósi og einnig gagnvart þeim sem hitaveitunnar njóta í Torfalækjarhreppi.

## 2. gr.

Stjórn hitaveitunnar.

Hreppsnefnd Blönduóss-hrepps fer með stjórn hitaveitunnar. Hreppsnefnd er heimilt að skipa hitaveitustjóra, er annist daglegan rekstur hitaveitunnar, en hreppsnefnd skipar starfsmenn honum til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, fer sveitarstjóri Blönduóss með störf hitaveitustjóra.

## 3. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Blönduóss hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni innan takmarka hreppsins.